



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

Höfn, 2. maí 2019

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), þingskjal 1244 – 784. mál.

Þann 12. apríl sl. var óskað eftir umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), 784. mál.

Framangreint frumvarp felur meðal annars í sér breytingar á núgildandi lögum sem fylgnar eru í því að heimila sýslumönnum að leggja stjórnvaldssektir á þann sem rekur leyfisskylda gististarfsemi án tilskilins rekstrarleyfis, sbr. 7. gr. laga nr. 85/2007. Eins og athugasemdir í frumvarpinu bera með sér er verið að færa verkefnið frá lögreglu til sýslumanna. Tilgangurinn er að samræma meðferð vegna vanrækslu á því að vera með tilskilin leyfi vegna sölu á gistingu. Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessa tilfærslu á verkefnum frá lögreglu til sýslumanna. Embættið vill þó taka fram að ágætt samstarf hefur verið á milli embættisins og lögreglunnar á Suðurlandi í tengslum við þennan málaflokk.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna heimild til að fela einu embætti sýslumanns að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar gististarfsemi, nánar tiltekið í e-lið 2. gr. en áfram verði útgáfa rekstrarleyfa á hendi allra embætta sýslumanna. Að mati embættisins er ekki augljóst að slíkt fyrirkomulag sé líklegast til árangurs og má raunar allt eins halda fram hinu öndverða. Að mati embættisins ætti sektarheimild að vera á hendi hvers og eins embættis líkt og útgáfa sjálfra rekstrarleyfanna. Það embætti sem fer með útgáfu rekstrarleyfa hefur besta yfirsýn yfir hvernig málin standa innan síns umdæmis. Annað fyrirkomulag dregur ekki úr flækjustigi nema síður sé. Ljóst er að ef eitt sýslumannsembætti hefur þetta verkefni með höndum er það embætti ávallt háð öðrum embættum með upplýsingar og aðra vinnslu þessara mála. Það álit byggir á reynslu, en Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur haft með höndum eftirlit með skráningarskyldri gististarfsemi (heimagistingu) eftir að lög nr. 67/2016 tóku gildi. Reynslan sýnir að embætti Sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu getur ekki unnið það verkefni án samstarfs við önnur embætti í formi upplýsingaöflunar og könnunar erinda, jafnvel á grundvelli staðbundinnar þekkingar hlutaðeigandi starfsmanna embættanna. Ekki hefur verið gert ráð fyrir því vinnuframlagi í fjárveitingum til embættanna.

Í þessu sambandi er og mikilvægt að benda á álit meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um sýslumenn frá 29. apríl sl. Þar segir m.a.:

„Nefndin ræddi m.a. verkefni sýslumannsembættanna. Eitt af markmiðum sameiningarinnar var að skrifstofur sýslumanna yrðu öflugri stjórnvæðingarmenn ríkisins í héraði. Með því er átt við að úkveðin samlegð felist í sameiningu og að embætti sýslumanna taki að sér aukin stjórnvæðingarmenn í umboði annarra ríkisstofnana sem hagkvæmt er fyrir ríkið að embættin sinni samhliða nærþjónustu í landsbyggðunum/héraði. Það markmið hefur ekki náðst. Fyrir nefndinni



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

kom fram það sjónarmið að fjölga þyrfti verkefnum embættanna, sérstaklega á landsbyggðinni. Meiri hlutinn telur mikilvægt að unnið verði að þessu markmiði og starfsemi þeirra þannig esld í héraði.

Að mati embættisins mun álagning stjórnvaldssekta af hálfu allra embætta sýslumanna styrkja stöðu embættana hvers um sig. Á vegum Sýslumannaráðs er starfandi fagráð um leyfisveitingar sem hefur með höndum samræmingarhlutverk í málaflokknum. Samræming verkferla eða misræmi í afgreiðslu mála ætti því ekki að vera umræddu verkefni fótakefli.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Anna Lilja Ragnarsdóttir
Anna Lilja Ragnarsdóttir fr.

